STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1964

17. febrúar. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarmálum.

Hinn 13. febrúar 1964 var undirritaður í Reykjavík samningur milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum.

Samningurinn, sem gengur í gildi við undirritun, var gerður á íslenzku og ensku, og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. febrúar 1964.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum.

Þar sem ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku

hafa hug á að efla gagnkvæman skilning milli beggja þjóðanna með fræðslustarfsemi, er horfir til aukinnar þekkingar og starfsþjálfunar,

gera þær með sér svofelldan samning:

1. gr.

Komið skal á fót stofnun, er nefnist Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi,

AGREEMENT

Between the Government of Iceland and the Government of the United States of America for financing certain educational exchange programs.

The Government of Iceland and the Government of the United States of America,

Desiring to promote further mutual understanding between the peoples of Iceland and the United States of America by a wider exchange of knowledge and professional talents through educational activities:

Have agreed as follows:

Article 1

There shall be established a foundation to be known as the United States Educa-

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

„The United States Educational Foundation in Iceland", (hér á eftir nefnd „stofnunin"), og ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku viðurkenna sem stofnun tveggja þjóða, er sé stofnsett og starfrækt til að auðvelda framkvæmd fræðslustarfsemi, sem kostuð er af fé, sem veitt er samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Með þeirri undantekningu, sem getur í 3. gr. samnings þessa, skal stofnunin vera undanþegin ákvæðum íslenzkra laga og Bandaríkjalaga um ráðstöfun á gjaldeyri og gjaldeyrisinnstæðum, vegna framkvæmdar á samningi þessum. Á Íslandi skal líta á fé, svo og eignir, sem kunna að verða til fyrir það fé, sem fram verður lagt samkvæmt samningi þessum, sem eign alþjóðastofnunar.

Fé, sem lagt verður fram samkvæmt samningi þessum, þar með talin hver sú viðbót, er við það kann að safnast sem vextir, eða á annan hátt, skal stofnunin, eða hver sá aðili, sem ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku kunna að koma sér saman um, nota, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir hér á eftir, til þess að:

1. greiða kostnað við nám, rannsóknir, kennslu og aðra fræðslustarfsemi, sem (i) borgarar og þegnar Bandaríkja Ameríku á Íslandi, og (ii) íslenzkir ríkisborgarar og þegnar ræka eða stunda í bandarískum skólum og menntastofnunum í eða utan Bandaríkja Ameríku;
2. greiða kostnað við heimsóknir og skipti millum Íslands og Bandaríkja Ameríku á námsmönnum, nemum, kennurum, leiðbeinendum og prófessorum; og
3. greiða kostnað af annarri skyldri fræðslu- og menningarstarfsemi og fyrirrætlunum, eins og ráð verður fyrir gert í fjárhagsáætlunum þeim, sem hljóta samþykki samkvæmt 3. grein samningsins.

tional Foundation in Iceland (hereinafter designated „the Foundation"), which shall be recognized by the Government of Iceland and the Government of the United States of America as a binational organization created and established to facilitate the administration of an educational program to be financed by funds made available to the Foundation under the terms of this Agreement.

Except as provided in Article 3 hereof, the Foundation shall be exempt from the domestic and local laws of Iceland and of the United States of America as they relate to the use and expenditure of currencies and credits for currencies for the purposes set forth in the present Agreement. The funds, and property which may be acquired with the funds in furtherance of the Agreement, shall be regarded in Iceland as property of an international organization.

The funds made available under the present Agreement, including any accruals thereto as interest or otherwise, within the conditions and limitations hereinafter set forth, shall be used by the Foundation or such other instrumentality as may be agreed upon by the Government of Iceland and the Government of the United States of America for the purposes of:

1. financing studies, research, instruction and other educational activities (i) of or for citizens and nationals of the United States of America in Iceland, and (ii) of or for citizens and nationals of Iceland in United States of America schools and institutions of learning located in or outside the United States of America;
2. financing visits and interchanges between Iceland and the United States of America of students, trainees, teachers, instructors, and professors; and
3. financing such other related educational and cultural programs and activities as are provided for in budgets approved in accordance with Article 3 hereof.

2. gr.

Til að vinna að þessum tilgangi, er stofnuninni heimilt, innan takmarka þessa samnings, að gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að tilgangi samningsins verði náð, þar með talið eftirfarandi:

1. að undirbúa, skipuleggja, samþykkja og framkvæma áætlanir í samræmi við tilgang þessa samnings.
2. að mæla með námsmönnum, háskólakennurum, vísinda- og fræðimönnum, kennurum og leiðbeinendum, búsettum á Íslandi, og íslenzkum stofnunum, við Námsstyrkjanefnd Bandaríkja Ameríku, (Board of Foreign Scholarships), til þátttöku í starfsemi þessari.
3. að samþykkja og koma fyrir námsmönnum, vísinda- og fræðimönnum, kennurum, leiðbeinendum og háskólakennurum, sem búsettir eru í Bandaríkjum Ameríku, samkvæmt ábendingu áðurnefndrar Námsstyrkjanefndar, til þátttöku í starfsemi þessari.
4. gera tillögur til áðurnefndrar Námsstyrkjanefndar um, hverjar kröfur skulu gerðar til þátttakenda í starfseminni, eftir því sem hún telur nauðsynlegt til þess að tilgangi þessa samnings verði náð.
5. að eignast, eiga og ráðstafa eignum (öðrum en fasteignum) í nafni stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin kann að álíta nauðsynlegt eða æskilegt, þó að því tilskildu að leigukaup á nægilegu húsnæði og aðstöðu fyrir starfsemi stofnunarinnar séu tryggð.
6. veita gjaldkera stofnunarinnar eða hverjum þeim, sem stofnunin tilnefnir, heimild til þess að taka við fé til varðveizlu í banka, í nafni gjaldkera stofnunarinnar eða hvers þess, sem tilnefndur er til þessa starfa. Skipun gjaldkera eða tilnefning samkvæmt framansögðu skal vera háð samþykki utanríkisráðherra og menntamálaráðherra. Gjaldkerinn

Article 2

In furtherance of the aforementioned purposes, the Foundation may, subject to the provisions of the present Agreement, exercise all powers necessary to the carrying out of the purposes of the present Agreement including the following:

1. Plan, adopt and carry out programs in accordance with the purposes of the present Agreement.
2. Recommend to the Board of Foreign Scholarships of the United States of America, students, trainees, professors, research scholars, teachers, instructors, resident in Iceland, and institutions of Iceland, to participate in the program.
3. Approve and place students, trainees, research scholars, teachers, instructors and professors, resident in the United States of America, as presented by the Board of Foreign Scholarships to participate in the program.
4. Recommend to the aforesaid Board of Foreign Scholarships such qualifications for the selection of participants in the program as it may deem necessary for achieving the purposes and objectives of the present Agreement.
5. Acquire, hold and dispose of property (other than real estate) in the name of the Foundation as the Foundation may consider necessary or desirable, provided, however, that the leasing of adequate housing and facilities for the activities of the Foundation will be assured.
6. Authorize the Treasurer of the Foundation or such other person as the Foundation may designate to receive funds to be deposited in bank accounts in the name of the Treasurer of the Foundation or such other person as may be designated. The appointment of the Treasurer or such designee shall be approved by the Secretary of State and the Minister

skal leggja fé, sem hann tekur við, á reikning í þeirri peningastofnun, eða peningastofnunum, sem utanríkisráðherra og menntamálaráðherra samþykkja.

7. heimila útborganir fjár, styrkveitingar og greiðslur í þeim tilgangi, sem samningur þessi heimilar, þar með talin greiðsla á fargjöldum, skólagjöldum, uppihaldskostnaði og öðrum skyldum útgjöldum.

8. sjá um að reikningar gjaldkera stofnunarinnar verði endurskoðaðir reglulega á ákveðnum tímum, eftir því sem endurskoðendur, er utanríkisráðherra og menntamálaráðherra hafa samþykkt, segja til um.

9. ráða til sín framkvæmdastjóra og starfsmenn, ákveða kaupgreiðslur þeirra, svo og ákveða annan rekstrarkostnað, eftir því sem teljast má nauðsynlegt, af fé því, sem verður til ráðstöfunar samkvæmt samningi þessum.

10. framkvæma, eða aðstoða við að framkvæma, eða auðvelda á annan hátt áætlanir og starfsemi, er lýtur að mennta- og menningarmálum, sem efla tilgang þessa samnings, en eigi er kostuð af fé, sem fram er lagt samkvæmt ákvæðum samnings þessa, að því tilskildu þó, að slíkum áætlunum og slíkri starfsemi, og þátttöku stofnunarinnar í henni, sé að fullu lýst og frá henni skýrt í ársskýrslu eða sérskýrslu stofnunarinnar, sem sendar eru utanríkisráðherra og menntamálaráðherra, svo sem tilskilið er í 6. grein samningsins, og sömuleiðis að því tilskildu að engar mótbárur komi fram, annað hvort af hálfu utanríkisráðherra eða menntamálaráðherra við raunverulegri eða fyrirhugaðri þátttöku stofnunarinnar í slíkri starfsemi.

of Education. The Treasurer or such designee shall deposit funds received in a depository or depositories approved by the Secretary of State and the Minister of Education.

7. Authorize the disbursement of funds and the making of grants and advances of funds for the authorized purposes of the present Agreement, including payment of transportation, tuition, maintenance and other expenses incident thereto.

8. Provide for periodic audits of the accounts of the Treasurer of the Foundation as directed by auditors approved by the Secretary of State and the Minister of Education.

9. Engage an Executive Director, and administrative and clerical staff and fix and pay the salaries and wages thereof, and incur other administrative expenses as may be deemed necessary from funds made available under the present Agreement.

10. Administer or assist in administering or otherwise facilitate educational and cultural programs and activities that further the purposes of the present Agreement but are not financed by funds made available under this Agreement, provided, however, that such programs and activities and the Foundation's role therein shall be fully described in annual or special reports made to the Secretary of State and to the Minister of Education as provided in Article 6 hereof, and provided that no objection is interposed by either the Secretary of State or the Minister of Education to the Foundation's actual or proposed role therein.

3. gr.

Allar fjárhagslegar skuldbindingar og greiðslur, sem stofnunin heimilar, skulu gerðar samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun, sem skal háð samþykki utanríkisráðherra og menntamálaráðherra.

Article 3

All commitments, oblications, and expenditures authorized by the Foundation shall be made pursuant to an annual budget to be approved by the Secretary of State and the Minister of Education.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdir allar á vegum hennar, skulu vera í höndum sérstakrar stjórnar (hér á eftir nefnd „stjórnin"). Skipa hana tíu menn, og skulu fimm þeirra vera íslenzkir ríkisborgarar og fimm ríkisborgarar Bandaríkja Ameríku. Auk þess skal sendiherra (Ambassador) Bandaríkja Ameríku á Íslandi, eða staðgengill hans (hér á eftir nefndur sendiherra), og menntamálaráðherra, vera heiðursformenn stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann, og skal hann vera einn af aðalmönnum í stjórninni og hafa atkvæðisrétt. Sendiherrann skal hafa vald til að skipa hina bandarísku meðlimi stjórnarinnar, og leysa þá frá störfum, en að minnsta kosti tveir þeirra skulu vera starfandi fulltrúar bandarísku utanríkisþjónustunnar á Íslandi. Menntamálaráðherra skipar hina íslenzku meðlimi stjórnarinnar, og leysir þá frá störfum.

Bæði sendiherrann og menntamálaráðherra geta skipað einn varamann hvor, sem gegni störfum í fjarveru íslenzks eða bandaríks aðalmanns í stjórninni, hvers um sig, sökum veikinda eða af öðrum orsökum, sem að öðrum kosti myndi ekki krefjast skipunar nýs aðalmanns í stjórnina

Meðlimir stjórnarinnar, þar með taldir varamenn, skulu gegna störfum frá þeim tíma, sem þeir eru skipaðir, og til 31. desember sama árs. Skal þá heimilt að skipa þá til starfa að nýju. Ef meðlimur í stjórn hefur sagt starfi sínu lausu, flutzt brott af Íslandi, starfstími hans er útrunninn eða sæti hans losnar af einhverjum öðrum ástæðum, skal skipa mann í hans stað samkvæmt þeim reglum, sem þessi grein samningsins mælir fyrir um.

Þá er sendiherra og menntamálaráðherra skipa meðlimi í stjórn stofnunarinnar skulu þeir taka tillit til þess, að æskilegt sé, að í stjórn hennar eigi sæti fulltrúar sem flestra greina á sviði mennta- og menningarmála. Einnig skulu þeir taka tillit til þess, að æskilegt sé að skipta með vissu millibili um meðlimi stjórnarinnar, þannig, að sem

Article 4

The management and direction of the affairs of the Foundation shall be vested in a Board of Directors consiting of ten members (hereinafter designated „the Board"), five of whom shall be citizens of Iceland and five of whom shall be citizens of the United States of America. In addition, the principal officer in charge of the Diplomatic Mission of the United States of America to Iceland (hereinafter designated „Chief of Mission") and the Minister of Education shall be Honorary Chairmen of the Board.

A Chairman with voting power shall be selected by the Board from among the regular members. The Chief of Mission shall have the power to appoint and remove the citizens of the United States of America on the Board, at least two of whom shall be officers of the United States Foreign Service establishment in Iceland. The Minister of Education shall have the power to appoint and remove the citizens of Iceland on the Board.

Both the Chief of Mission and the Minister of Education may appoint one alternate member each to serve in the absence of a regular American or Icelandic member respectively, due to temporary illness or other cause which would otherwise not require a new appointment to the Board.

The members, including alternates, shall serve from the time of their appointment until the following December 31 and shall be eligible for reappointment. Vacancies by reason of resignation, transfer of residence outside Iceland, expiration of service, or otherwise, shall be filled in accordance with the appointment procedure set forth in this article.

In appointing the members, the Minister of Education and the Chief of Mission shall give due consideration to the desirability of having as wide a representation as possible of the various academic and cultural fields, as well as the desirability of periodically changing the membership in order that the Foundation may, over the years, benefit from the contributions to its work of as broad a

flestir leiðtogar á sviði mennta- og menningarmála geti, eftir því sem stundir líða, lagt stofnuninni lið og þeirri starfsemi, sem hún á að hafa með höndum.

Meðlimir stjórnarinnar skulu inna störf sín af hendi án launa. Stjórninni er heimilt að greiða nauðsynlegan kostnað, sem meðlimir hennar hafa af því að sækja fundi stjórnarinnar og vinna önnur skyldustörf, er stjórnin kann að fela þeim.

5. gr.

Stjórnin setur reglur og skipar þær nefndir, er hún telur nauðsyn til bera vegna starfa stofnunarinnar.

6. gr.

Árlega skal utanríkisráðherra og menntamálaráðherra send fullnægjandi skýrsla, bæði hvað innihald og form snertir, um starfsemi stofnunarinnar.

Sérstakar skýrslur má senda oftar, eftir því sem stjórnin telur ástæðu til, eða samkvæmt beiðni annað hvort utanríkisráðherra eða menntamálaráðherra.

7. gr.

Aðalskrifstofa stofnunarinnar skal vera í höfuðborg Íslands. Stjórnin og nefndir þær, sem hún kann að skipa, geta haldið fundi sína á þeim stöðum, sem stjórnin kann að ákveða hverju sinni. Einnig mega stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar vinna störf sín á hverjum þeim stað, sem stjórnin ákveður.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er ábyrgur fyrir daglegum rekstri og framkvæmd á starfsáætlunum stofnunarinnar, samkvæmt samþykktum og fyrirmælum stjórnarinnar.

8. gr.

Til framkvæmdar þessum samningi skal heimilt að nota hvert það fé, þar með talið fé í íslenzkum gjaldeyri, sem er í eigu hvorrar ríkisstjórnarinnar sem er, eða þær hafa til afnota í slíkum tilgangi, eða mega láta stofnuninni í té af hvaða tekjustofni sem er.

Utanríkisráðherra og menntamálaráðherra skulu veita fé til ráðstöfunar sam-

range of academic and cultural leaders as possible.

The members shall serve without compensation, but the Board may authorize the payment of the necessary expenses of the members in attending the meetings of the Board and in performing other official duties assigned by the Board.

Article 5

The Board shall adopt such by-laws and appoint such committees as it shall deem necessary for the conduct of the affairs of the Foundation.

Article 6

Reports acceptable in form and content shall be made annually on the activities of the Foundation to the Secretary of State and the Minister of Education.

Special reports may by made more often at the discretion of the Foundation or at the request of either the Secretary of State or the Minister of Education.

Article 7

The principal office of the Foundation shall be in the capital city of Iceland, but meetings of the Board and any of its committees may be held in such other places as the Board may from time to time determine, and the activities of any of the Foundation's officers or staff may be carried on at such places as may be approved by the Board.

The Executive Director shall be responsible for the routine direction and supervision of the programs and activities of the Foundation in accordance with the resolutions and directives of the Board.

Article 8

There may be used for the purposes of this Agreement any funds, including currency of Iceland, held or available for expenditure by either Government for such purposes, and contributions to the Foundation from any source.

The Secretary of State and the Minister of Education will make available for expenditure as authorized by the Founda-

kvæmt því, sem stofnunin heimilar, og í þeim upphæðum, sem talizt geta nauðsynlegar til framkvæmdar þessum samningi. Þó skulu þessar fjárupphæðir aldrei fara fram úr þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 3. greinar samnings þessa.

Framkvæmd þessa samnings skal vera háð fjárveitingum til utanríkisráðherra, þegar slíkra fjárveitinga er krafizt samkvæmt bandarískum lögum, svo og þeim ákvæðum íslenzkra laga, sem við eiga.

9. gr.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku skulu gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að auðvelda framkvæmd þeirra áætlana, sem samningur þessi heimilar, svo og til þess að leysa þau vandamál, sem framkvæmd samningsins kann að hafa í för með sér.

10. gr.

Þar sem talað er um „utanríkisráðherra“ í samningi þessum, er átt við utanríkisráðherra Bandaríkja Ameríku eða sérhvern fulltrúa eða starfsmann ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, sem hann kann að tilnefna til þess að fara með málefni þau, sem samningur þessi fjallar um.

Þar sem talað er um „menntamálaráðherra“ í samningi þessum, er átt við menntamálaráðherra ríkisstjórnar Íslands, eða sérhvern fulltrúa eða starfsmann ríkisstjórnar Íslands, sem hann kann að tilnefna til þess að fara með málefni þau, sem samningur þessi fjallar um.

11. gr.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku geta breytt samningi þessum með erindaskiptum.

12. gr.

Samningur þessi ógildir samning þann, sem gerður var millum ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku og undirritaður var í Reykjavík hinn 23. febrúar 1957, með breytingum.

tion funds in such amounts as may be required for the purposes of this Agreement, but in no event may amounts in excess of the budgetary limitations established pursuant to Article 3 of the present Agreement be expended by the Foundation.

The performance of this Agreement shall be subject to the availability of appropriations to the Secretary of State when required by the laws of the United States of America, and to such procedures as may be required by Icelandic law.

Article 9

The Government of Iceland and the Government of the United States of America shall make every effort to facilitate the exchange-of-persons programs authorized in this Agreement and to resolve problems which may arise in the operations thereof.

Article 10

Wherever, in the present Agreement, the term „Secretary of State“ is used, it shall be understood to mean the Secretary of State of the United States of America or any officer or employee of the Government of the United States of America designated by him to act in his behalf.

Wherever, in the present Agreement, the term „Minister of Education“ is used, it shall be understood to mean the Minister of Education of the Government of Iceland or any officer or employee of the Government of Iceland designated by him to act in his behalf.

Article 11

The present Agreement may be amended by the exchange of diplomatic notes between the Government of Iceland and the Government of the United States of America.

Aritcle 12

The present Agreement supersedes the Agreement between the Government of Iceland and the Government of the United States of America signed at Reykjavik on February 23, 1957, as amended.

Samningur þessi gengur í gildi þann dag, sem hann er undirritaður.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, ritað nöfn sín á þennan samning.

Gert í Reykjavík í tvíriti, á íslenzku og ensku, hinn 13. dag febrúarmánaðar árið 1964.

F. h. ríkisstjórnar Íslands.

Guðm. Í. Guðmundsson.

F. h. ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku.

James K. Penfield.

The present Agreement shall come into force upon the date of signature. In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Goverment, have signed the present Agreement.

Done at Reykjavik in duplicate, in Icelandic and the English languages, this 13th day of February, 1964.

For the Government of Iceland.

Guðm. Í. Guðmundsson.

For the Government of the United States of America.

James K. Penfield.

Nr. 2. 25. febrúar.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.

Með orðsendingaskiptum í París, hinn 10. febrúar 1964, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1964.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. febrúar 1964.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 3. 12. maí.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðasamnings um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn.

Samkvæmt heimild Alþingis í þingsályktun, samþykktri 27. febrúar 1964, hefur fullgildingarskjal Íslands að alþjóðasamningnum um takmarkað bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn, sem gerður var í Moskvu hinn 25. júlí 1963, verið afhent utanríkisráðuneytinu í London, Moskva og Washington hinn 29. apríl 1964.

Gekk samningurinn í gildi, að því er Ísland varðar, þann 29. apríl 1964, samkvæmt 3. grein hans.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. maí 1964.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.